

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Mýrasýslu.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í Álftaneshreppi, Borgarbyggð, Borgarhreppi, Hvítársíðuhreppi og Þverárhlíðarhreppi, hér eftir kölluð samvinnunefnd um svæðisskipulag í Mýrasýslu, er svo skipuð að í henni eiga sæti 11 fulltrúar.

Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir á svæðinu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 7 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður eða varaformaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Embætti skipulagsstjóra leggur nefndinni til ritara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna (aðal- og varamanna), oddvita sveitarfélaganna og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir samvinnunefndin tillöguna til skipulagsstjórnar ríkisins. Um málsmeðferð tillögunnar fer skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa í samvinnunefnd. Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar, ritara og aðstoðar embættisins við nefndina.

Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir í Borgarnesi. Kostnaður vegna fundahalda greiðist sameiginlega af sveitarfélögunum en af embætti skipulagsstjóra sé fundur haldinn í Reykjavík.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður, sem ekki fellur undir 6. gr. sem hér segir:

Skipulag ríkisins	50,00%	Borgarhreppur	4,54%
Álftaneshreppur	4,10%	Hvítársíðuhreppur	3,88%
Borgarbyggð	33,59%	Þverárhliðarhreppur	3,88%

Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. september 1998. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 8. desember 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Eyrarsveit.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds, sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar um hundahald í Eyrarsveit nr. 317, 12. júlí 1990, skal vera kr. 7.000 á ári og er innifalið hundahreinsunargjald og ábyrgðartrygging hunds. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar á næsta ári. Gjaldldagi árgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 30. mars.

Dráttarvextir reiknast frá gjaldldaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 4. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti, kr. 4.000 í annað og kr. 6.500 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Eyrarsveitar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldldagi gjaldársins 1. mars 1995 til 28. febrúar 1996 skal vera 15. desember 1995 og eindagi 30. desember 1995.

Umhverfisráðuneytið, 8. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.